

Fjölskyldustefna Hafnarfjarðarbæjar

Endurskoðuð
2012-2014

Hafnarfjörður
Gott að búa – alla ævi



HAFNARFJÖRÐUR

Efnisyfirlit

I. Fjölskyldustefna Hafnarfjarðarbæjar	2
Inngangur	2
1. Hlutverk	3
2. Meginmarkmið og framkvæmd	3
3. Árangursmæling.....	3
4. Vegvísir/Leiðir	3
II. Málaflokkar/Viðfangsefni	5
1. Stjórnarsýsla.....	5
2. Fjölskyldu- og félagsmál.....	6
3. Fræðsla.....	7
4. Menning	9
5. Tómsundur	9
6. Atvinna.....	11
7. Lýðheilsa.....	12
8. Umhverfis- og skipulagsmál	13
9. Samgöngur	14
10. Útivistarsvæði.....	15
Lokaorð.....	16

I. Fjölskyldustefna Hafnarfjarðarbæjar

Inngangur

Upphafleg tillaga um mótun fjölskyldustefnu fyrir Hafnarfjörð var samþykkt í fjölskylduráði Hafnarfjarðar haustið 2002. En það var ekki fyrr en árið 2008 sem stefnan var fullunnin og samþykkt í bæjarstjórn. Samhliða yfirtöku á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um áramótin 2010/2011 ákvað fjölskylduráð að skipa starfshóp til að vinna að endurskoðun á fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar. Tilflutningur á þjónustu við fatlaða Hafnfirðinga hefur þó ekki sérstök áhrif á innihald fjölskyldustefnu þar sem fjölskyldustefna lýsir stefnu fyrir alla Hafnfirðinga án sérstakrar aðgreiningar. Við endurskoðun stefnunnar var leitað í smiðju fjölda aðila sem komu með góðar hugmyndir og ábendingar og auk þess voru fjölskyldustefnur annarra sveitarfélaga hafðar til hliðsjónar.

Fjölskylda er skilgreind hér á eftirfarandi hátt:

Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem einstaklingarnir deila tómsundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Allir tilheyra fjölskyldu hvort sem þeir búa einir eða með öðrum. Meðlimirnir eru oftast tvær fullorðnar manneskur eða einstaklingur ásamt barni eða börnum. Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri og gagnkvæmri hollustu. Fjölskyldan gegnir lykilhlutverki í mótun einstaklingsins og er grundvöllur fyrir tengslamyndun og heilbrigðum tilfinningaþroska.

Það er mikilvægt að samfélagið hlúi vel að öllum einstaklingum og skapi þeim þroskavænleg skilyrði.

Fjölskyldustefna Hafnarfjarðar er í senn yfirlit og umgjörð um þann stuðning sem og þjónustu sem veitt er á vegum bæjarins og stefnuyfirlýsing bæjarstjórnar um að hverju skuli stefnt í málefnum fjölskyldunnar til lengri og skemmri tíma.

1. Hlutverk

Hagsmunir fjölskyldunnar eru margþættir og snerta mörg ólík svið innan samfélagsins. Fjölskyldustefnan tekur mið af stefnumótun á sviði heilbrigðismála, fræðslu- og menningarmála, forvarna, félagsmála, íþróttu og tómstunda, svo og atvinnu-, umhverfis- og jafnréttismála. Þessir málaflokkar eru allir hluti af samræmdri fjölskyldustefnu. Þar þarf ekki síst að hafa í huga hversu mismunandi fjölskyldur og einstaklingar geta verið og þarfir þeirra ólíkar.

2. Meginmarkmið og framkvæmd

Meginmarkmið fjölskyldustefnu Hafnarfjarðarbæjar er að skapa forsendur til þess að íbúar bæjarins geti búið við öryggi og fái tækifæri til að vaxa, þroskast og nota hæfileika sína sjálfum sér og öðrum til góðs og bæjarfélaginu til framdráttar.

Fjölskylduráð er ábyrgðaraðili fjölskyldustefnu Hafnarfjarðarbæjar og verður með hana til reglulegrar endurskoðunar, samhliða endurskoðun á öðrum stefnum Hafnarfjarðarbæjar.

3. Árangursmæling

Afstaða bæjarbúa til þeirra málaflokka er varðar fjölskylduna er mikilvæg þegar meta skal árangurinn af fjölskyldustefnunni. Til að safna upplýsingum og greina þarfir bæjarbúa er annars vegar lagt til að framkvæmdar verði þjónustukannanir og hins vegar komið á íbúáþingi um afmörkuð málefni annað hvert ár.

Fjölskylduráð skipi endurmatshóp á tveggja ára fresti sem starfi og fari yfir hvað var framkvæmt af þeim verkefnum sem fjölskyldustefnan markar. Hópurinn vinnur í samráði við ábyrgðarmenn verkefna við að skoða hvernig til tókst og endurmeta áætlunina.

4. Vegvísir/Leiðir

Með fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar er lögð áhersla á að bæjarbúar hafi aðgengi að ákvörðunarferlinu sem hefur áhrif á líf okkar og manngert umhverfi.

Það gerum við með því að:

- Bærinn og stofnanir hans veiti fyrirmyndarþjónustu og taki mið af þörfum hvers einstaklings og fjölskyldu.

- Vinna að samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu og stuðla þannig að auknum lífsgæðum fólks á öllum aldri.
- Virða margbreytileika mannlífsins og sýna ábyrgð með því að koma fram við aðra og umhverfið af virðingu.
- Taka mið af þörfum bæjarbúa við framkvæmdir á vegum bæjarins.
- Tryggja öryggi íbúa í bænum á sem bestan hátt.
- Tryggja að sem flestir eigi vól á húsnæði við sitt hæfi og greiðan aðgang að byggðu og óbyggðu umhverfi.

II. Málaflokkar/Viðfangsefni

Fjölskylduráð leggur áherslu á að bæjarbúar beri virðingu fyrir umhverfi sínu og hver öðrum; óháð þjóðerni, trúarbrögðum og kyni, ennfremur að skilyrði til uppeldis barna séu ákjósanleg og að fullorðnir geti sem best notið samvasta með börnum sínum og barnabörnum. Fjölskylduráð leggur jafnframt áherslu á að menning og íþrótt- og tómstundastarf blómstri í bænum og allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Markmiðið er að í Hafnarfirði sé fjölbreytt þjónusta eins og hún gerist best.

Meginmarkmið fjölskyldustefnu Hafnarfjarðarbæjar er að skapa forsendur til þess að íbúar bæjarins geti búið við öryggi og fái tækifæri til að vaxa, þroskast og nota hæfileika sína sjálfum sér og öðrum til góðs og bæjarfélaginu til framdráttar.

1. Stjórnsýsla

Í Hafnarfirði miðar stjórnsýslan og starfsemi stofnana og fyrirtækja að því að hagar fjölskyldunnar og einstaklinga sé hafður að leiðarljósi við ákvarðanatöku og að ávallt sé gætt jafnræðis og jafnréttis. Hafnarfjarðarbær leggur til grundvallar gagnsæi í stjórnsýslu, aðgengi að upplýsingum og þátttöku íbúa.

- **Tími:** Hver stofnun bæjarins gefur úr starfsáætlun ár hvert þar sem tíunduð eru helstu verkefni og áherslur á hverri stofnun eða deild bæjarins. Neðangreind ártöl (sjá hugmyndir að verkefnum) og verkefni sjáist í starfsáætlunum hjá stofnunum Hafnarfjarðarbæjar á hverju ári.
- **Ábyrgðaraðili:** Fjölskylduráð, fræðsluráð, upplýsingafulltrúi, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu, sviðsstjóri fræðsluþjónustu, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, bæjarstjóri, oddvitar og stjórnir stjórnmalaflokka.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Tryggja að stofnanir og fyrirtæki bæjarins þekki fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar og starfi í anda hennar. Árið 2012 og ár hvert sem stefnan er í gildi skal hún auglýst og kynnt sérstaklega s.s. með greinaskrifum og prentun veggspjalds með helstu áherslum stefnunnar.
- Kanna viðhorf bæjarbúa til þjónustu í bænum og þróunar hennar og standa fyrir upplýsingafundum. Á hverju ári skulu vera einhver samráðsverkefni í gangi með bæjarbúum: Þjónustukannanir, viðhorfskannanir, Gaflarakaffi, fundir og kynningar fyrir bæjarbúa.

- Gera upplýsingar um starfsemi og þjónustu bæjarins ávallt aðgengilegar bæjarbúum og setja þær fram með skýrum hætti. Árlega skal fjölga möguleikum til að fá þjónustu rafrænt og tryggja sem jöfnust kynjahlutföll og aldursdreifingu við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins.
- Kynna skal árlega fyrir bæjarbúum leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri en fjölmargar leiðir eru í boði eins og heimasíðan hafnarfjordur.is, viðtöl við bæjarstjóra, í gegnum ungmennaráð eða öldungaráð og opnir fundir.
- Veita bæjarbúum þjónustu í samræmi við aðstæður, óskir og þarfir hvers og eins með því að tryggja framboð á öflugri félagslegri þjónustu sem miðar fyrst og fremst að því að styðja einstaklinga og fjölskyldur til sjálfsbjargar.

2. Fjölskyldu- og félagsmál

Það er hverjum og einum mikilvægt að búa við sjálfstæði. Íbúar í Hafnarfirði hafa aðgang að virku stuðningsneti sem hvetur einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar. Karlar og konur hafa jafnan rétt og bera sameiginlega ábyrgð á velferð fjölskyldunnar. Leggja skal áherslu á mikilvægi samveru fjölskyldunnar og einstaklinga á ólíkum aldri. Allir íbúar eiga að búa við öruggt ytra umhverfi og virkt samstarf milli lögreglu, bæjaryfirvalda og helstu stofnana samfélagsins eiga að tryggja það.

- **Tími:** Hver stofnun bæjarins gefur úr starfsáætlun ár hvert þar sem tíunduð eru helstu verkefni og áherslur á hverri stofnun eða deild bæjarins. Neðangreind ártöl (sjá hugmyndir að verkefnum) og verkefni sjáist í starfsáætlunum hjá stofnunum Hafnarfjarðarbæjar á hverju ári.
- **Ábyrgðaraðilar:** Sviðsstjórar og stjórnendur á fjölskyldu- og fræðsluþjónustu.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Ýta undir jákvætt viðhorf í garð fjölskyldufólks og hvetja til skilnings á mismunandi fjölskyldugerðum.
- Hvetja ólíka aldurshópa og fjölskyldur til þátttöku í sameiginlegu félags- og stuðningsstarfi.
- Stuðla að því að fyrirtæki og stofnanir í Hafnarfirði styðji virka fjölskyldustefnu og geri starfsmönnum sínum kleift að búa við jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs.

- Hvetja til þess að foreldrar geti borið jafna ábyrgð á heimilishaldi, umönnun og uppeldi barna.
- Búa börnum góð uppvaxtarskilyrði allt frá fæðingu og tryggja þeim börnum aðstoð sem þess þurfa.
- Koma til móts við bæjarbúa sem eru af erlendu bergi brotnir og styðja við fjölmenningu. Á árinu 2012 verði skipaður samráðsvettvangur með fulltrúa nýbúa þar sem fjallað verði um stöðu barna og unglinga sem eru af erlendu bergi brotnir.
- Árlega skulu fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og fulltrúar lögreglu hittast og fara yfir tíðni afbrota, samstarfsverkefni, forvarnir og leiðir til úrbóta.
- Bjóða upp á fræðslu í samvinnu við ólíka aðila til að styrkja fjölskylduna á
- mismunandi æviskeiðum hennar.
- Gera eldri bæjarbúum kleift að búa við fullt sjálfræði og í sjálfstæðri búsetu eins lengi og unnt er og þeir hafi aðgang að öðrum úrræðum sé þess óskað.

3. Fræðsla

Menntun hvers einstaklings hefst innan fjölskyldunnar. Foreldrum ber allt frá fæðingu barna sinna skylda til að sjá til þess að þau fái fræðslu og verði sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar. Þegar börnin hefja skólagöngu verður menntun þeirra og velferð að sameiginlegu verkefni heimila og skóla og samfélags hvort heldur um er að ræða leik-, grunn- eða framhaldsskóla. Mikilvægt er að samstarfið byggist á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og upplýsingamiðlun á öllum skólastigum.

- **Tími:** Unnið skal reglulega að neðangreindum verkefnum hjá Hafnarfjarðarbæ og eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar.
- **Ábyrgðaraðilar:** Bæjarstjóri, sviðsstjóri fræðsluþjónustu, fræðsluráð, stjórnendur á fjölskylduþjónustu, Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar, stjórnendur á fræðsluþjónustu, forvarnfulltrúi, stjórnendur ÍTH, nemendur og foreldrar.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Að skólar Hafnarfjarðar kynni fyrir foreldrum í upphafi hvers skólaárs stefnu sína, námsskrár og starfsaðferðir út frá aðalnámskrám, skólastefnu Hafnarfjarðar og starfs viðmiðum fræðslufirvalda.
- Að stuðla að gagnkvæmri virðingu heimila og skóla fyrir námi barna og forvörnum í samræmi við aðalnámskrár, skólastefnu og starfsviðmiðum fræðslufirvalda.
- Að efla og virkja foreldra til ábyrgðar og þátttöku í skólastarfi barna sinna, s.s. fræðslu, samstarfsverkefnum og þátttöku í skipulögðu foreldrastarfi í skólum.
- Að vinna markvisst gegn einelti og öðru ofbeldi sem börn mæta í sínu félagslega umhverfi þar sem skólar hafa ríkar skyldur til að tryggja þeim öruggt umhverfi.
- Koma til móts við ólíkar og fjölbreyttar þarfir nemenda með einstaklingsmiðaðri nálgun í námi.
- Að stuðla að vellíðan nemenda og hamingju, s.s. með því að standa reglulega fyrir könnunum og athugunum á líðan barna í skólum Hafnarfjarðar.
- Tryggja nemendum sem samfelldastan vinnudag, með því að tengja saman skipulag skóla og frístunda.
- Að skipulag skólastarfs miði að því að nemendur ljúki sinni vinnu á skólatíma þannig að þegar hefðbundnum vinnudegi lýkur geti fjölskyldan notið sem mestrar samveru til tómstunda og sjálfvalinna verkefna.
- Að skólar bæjarins samræmi sín á milli upphaf og lok skólaárs, vetrarleyfi, skipulagsdaga á skólatíma og aðra frídaga nemenda.
- Að bæjaryfirvöld komi til móts við foreldra á frí- og skipulagsdögum leik- og grunnskóla með frístundatilboðum og annarri heppilegri afþreyingu.
- Veita ungmennum sem hætta í skóla fyrir 18 ára aldur sérstakan stuðning s.s. með því að veita þeim ráðgjöf, vinnu eða starfsþjálfun.
- Að tryggja samstarf á milli fjölskylduþjónustu og fræðsluþjónustu um velferð barna, barnaverndarmál og samfélagsleg verkefni sem tengjast börnum.

4. Menning

Í Hafnarfirði er lögð rík áhersla á öflugt og fjölbreytt menningarstarf. Æskilegt er að sem flestir séu þátttakendur á þeim vettvangi.

- **Tími:** Verkefni verði í starfsáætlun menningarfulltrúa.
- **Ábyrgðaraðilar:** Menningarfulltrúi og menningarmálanefnd.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Viðhalda skapandi umhverfi og aðstöðu sem virkar hvetjandi á þátttöku í list- og menningarstarfi.
- Halda áfram að bjóða upp á fjölbreytilega menningarviðburði fyrir alla fjölskylduna og menningarstofnanir kynni starfsemi sína árlega.
- Vinna að verkefnum sem koma til móts við bæjarbúa sem eru af erlendu bergi brotnir og styðja við fjölmenningu.
- Örva listsköpun með hvetjandi samningum við einstaklinga og hópa.
- Kynna lista- og menningarstarf í Hafnarfirði í dagskrá á Björtum dögum á hverju ári.

5. Tómsundur

Fjölbreytt tómsundastarf s.s. íþróttir og æskulýðsstarf felur í sér forvarnagildi og eykur lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna. Það hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið í heild. Æskilegt er í því sambandi að fjölga möguleikum fjölskyldna til sameiginlegra tómsunda. Í Hafnarfirði er lögð áhersla á að hlúa að almennri þátttöku allra í íþróttum, tómsundum og æskulýðsstarfi og styrkja það og efla eins og kostur er.

- **Tími:** Unnið skal reglulega að neðangreindum verkefnum hjá Hafnarfjarðarbæ og eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar.
- **Ábyrgðaraðilar:** Stjórnendur fjölskylduþjónustu, menningarfulltrúi, garðyrkjustjóri og stjórnendur á skipulags- og byggingarviði.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Hvetja fjölskyldur til að sinna tómsundum með því að minna að minnsta kosti ársfjórðungslega á tómsundatilboð, göngu, hlaupa- og hjólaleiðir í bænum og í nágrenni bæjarins.
- Halda áfram að styrkja tómsunda- og félagsstarf barna, ungmenna og aldraðra með beinum hætti.
- Finna leiðir til að fjölga tómsundatilboðum fyrir bæjarbúa og auka þannig aðgengi, þátttöku og virkni.
- Stuðla að aukinni samvinnu milli kynslóða með því að halda árlega tómsundavöku/messu þar sem kynnt eru ný tilboð og vinna lögð í að tengja mismunandi aldurshópa t.d. með því að hafa spilakvöld þar sem eldri bæjarbúar kenna yngri og svo tölvukvöld þar sem yngri kenna eldri.
- Skipulag og nýting bæjarlandsins tryggi öllum aðgengi með því að fara yfir aðgengismál á opnum útivistarsvæðum, göngu- og hjólaleiðum og leik- og sparkvöllum árlega.
- Skapa fjölskyldum tækifæri til að stunda tómsundir saman eða á sama tíma t.d. eins og með árlegum ratleik sem er ætlaður fyrir alla fjölskylduna.
- Bæta kynningu og aðgengi að útivistarsvæðum Hafnarfjarðar.
- Viðhalda hópastarfi fyrir börn og ungmenni sem ekki eru virk í íþróttum eða öðrum skipulögðum tómsundum.
- Bjóða upp á vinnuframlag eldri borgara til samfélagsverkefna – aðstaða til að halda námskeið eða verkefni – félagsmiðstöðvar og frístundaheimili.

6. Atvinna

Í Hafnarfirði er lögð rík áhersla á að hlúa að atvinnustarfsemi í bænum og skapa umgjörð um fjölbreytilegt atvinnulíf. Það kallar á fjölbreytt störf, eykur líkur á að sem flestir geti fengið atvinnu við hæfi í heimabyggð og stuðlar þannig að fleiri samverustundum hjá fjölskyldum. Það er allra hagur að foreldrum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

- **Tími:** Unnið skal reglulega að neðangreindum verkefnum hjá Hafnarfjarðarbæ og eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar.
- **Ábyrgðaraðilar:** Bæjarstjóri, í samvinnu við þá sem málið varðar auk starfsmannastjóri og stjórnendur sviða og stofnana auk hafnarstjórnar.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Efla enn frekar tengsl Hafnarfjarðarbæjar við atvinnulífið og búa fyrirtækjum öruggt starfsumhverfi s.s. með því að styðja við fjölbreytta hafnsækna starfsemi í bænum með varðveislu smábátahafnarinnar og uppbyggingu á móttöku skemmtiferðaskipa og laða fjölbreytt fyrirtæki á sviði nýsköpunar og þróunar til bæjarins.
- Hvetja fyrirtæki til að setja sér jafnréttis- og fjölskyldustefnu og árið 2013 verðlaunar Hafnarfjarðarbær stofnanir og fyrirtæki bæjarins fyrir gott fordæmi þar sem foreldrum er gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.
- Hvetja til að starfsfólk geti samræmt atvinnu- og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða tilfærslu í starfi þar sem því verður við komið, og stjórnendur stofnana bæjarins skulu stuðla að sameiginlegu frístundastarfi starfsmanna og fjölskyldna þeirra og standa fyrir einu slíku verkefni á hverjum vinnustað frá og með árinu 2012.
- Tryggja að bæði kyn eigi jafna möguleika við ráðningar í störf og njóti sömu launakjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.
- Veita atvinnuleitendum góða þjónustu í heimabyggð í samstarfi við Vinnumálastofnun og leita leiða til að fjölga atvinnutækifærum.

7. Lýðheilsa

Andleg jafnt sem félagsleg og líkamleg vellíðan er okkur öllum mikilvæg. Í Hafnarfirði er mikið lagt upp úr því að styrkja heilsu bæjarbúa. Áhersla er lögð á forvarnir og öfluga heilsugæslu sem er forsenda fyrir öryggi fjölskyldunnar.

- **Tími:** Ætlast er til að unnið sé að hverju viðfangsefni á hverju ári, sumum ljúki á neðangreindum árum og að eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar.
- **Ábyrgðaraðilar:** Bæjarstjóri í samvinnu við þá sem málið varðar auk stjórnenda heilbrigðisþjónustunnar.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Hvetja til ábyrgrar hegðunar bæjarbúa gagnvart sjálfum sér og umhverfi sínu s.s. með því að stofna til og styðja við á hverju ári sérstaka daga sem ætlaðir eru til heilsueflingar, samveru fjölskyldna, kynningar á íþróttum og hreyfingu og hvetja bæjarbúa til þátttöku.
- Efla lýðheilsu með áherslu á jákvæðar og fjölbreyttar forvarnir og kynna afrakstur þess starfs árlega, t.d. með því að stofnanir bæjarins sýni fordæmi með því að bjóða upp á hollan og góðan mat sem uppfyllir manneldismarkmið.
- Rækta heilbrigð viðhorf bæjarbúa sem styðja við holla lífshætti til dæmis með því að styðja árlega við foreldrastarf sem stuðlar að aukinni lýðheilsu og vinna að uppbyggingu fleiri útivistarsvæða.
- Vinna að því að auka samvinnu heilbrigðis-, skóla- og félagsþjónustu og stuðla þannig að bætum lífsgæðum fólks á öllum aldri. Fjölga skal samráðsfundum milli aðila.
- Sporna gegn vanheilsu af völdum áfengis og annarra vímuefna með fræðslu og stuðningi til dæmis með því að gera á árinu 2012 samstarfssamning við SÁÁ.
- Hvetja fyrirtæki til jákvæðra viðhorfa til hreyfingar og að setja sér stefnu í þeim málum s.s. með því að standa fyrir viðurkenningu til fjölskylduvænna fyrirtækja frá og með árinu 2013.
- Efla leitar- og forvarnarstarf vegna líkamlegra- og andlegra sjúkdóma, t.d. með því að auka við þverfaglegt samstarf við aðila eins og heilsugæsluna.
- Efla starf heilsugæslunnar í Hafnarfirði og samstarf við aðila innan Hafnarfjarðar.

8. Umhverfis- og skipulagsmál

Hafnarfjarðarbær sinnir umhverfis- og skipulagsmálum, byggingareftirliti, lóða- og fasteignamálum og veitir þjónustu öllum þeim sem á þurfa að halda. Mikilvægt er að bæjarbúar séu meðvitaðir og taki þátt í að byggja upp öflugt umhverfisvænt samfélag með sjálfbærni að leiðarljósi ekki aðeins í því augnamiði að skila auknum verðmætum til komandi kynslóða heldur ekki síður að horfa til þess ávinnings sem íbúar í dag geta haft af virkri þátttöku í umhverfismálum á öllum sviðum.

Umhverfismál

- **Tími:** Unnið verði markvisst að umhverfismálum allt árið um kring og eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar.
- **Ábyrgðaraðilar:** Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, bæjarstjóri og bæjarráð.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Gera þarf úttekt á umhverfismálum Hafnarfjarðar. Meta stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu í dag og gera áætlun um hvert við viljum stefna. Metið verði hvort, hvernig og með hvaða hætti sveitarfélagið hefur ávinning af því að efla umhverfisþáttinn í skipulagningu, uppbyggingu og rekstri bæjarins.
- Í þessari vinnu verði leitað til sérfræðinga sem og annarra fyrirmyndarsamfélaga á þessu sviði á alþjóðavettvangi.
- Efla kynningu á umhverfismálum. Það sé gert m.a. með a) reglulegum greinaskrifum á heimasíðu sveitarfélagsins og í fjölmiðlum b) vikulegum punktum/góð ráð um umhverfismál á heimsíðu Hafnarfjarðar c) vekja athygli á þeim fjárhagslega ávinningi sem ná má með umhverfisvænum lífsstíl.
- Tryggja íbúum gott aðgengi að losunarstöðvum fyrir endurnýjanlegan úrgang nærri heimilum.
- Hlúa að landvernd og skógrækt á útvistarsvæðum.
- Tryggja þarf að verndun vatnsbóla og vatnsverndunarsvæða sé ávallt höfð í fyrirrúmi.
- Meta sögu- og menningarverðmæti og skilgreina náttúruvernd sem veigamikinn þátt í sjálfbærri þróun.

- Hvetja íbúa til til ræktunar af öllu tagi og útvíkka starfsemi skólagarða fyrir alla bæjarbúa. Leggja áherslu á samvinnu skóla og heimilis í þessu samhengi sem og nemanda og eldri borgara.
- Styðja við og efla leikskóla bæjarins sem vinna með náttúru- og umhverfisnefnd að leiðarljósi (Hlíðarendi og Norðurberg) og hvetja innleiðingar á slíkri stefnu við fleiri leikskóla sem og grunnskóla bæjarins.

Skipulagsmál

Skipulagsmál og umhverfismál eru nátengd og þarf að vinna að skipulagi og uppbyggingu hverfa með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

- **Tími:** Er í gangi allt árið og eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar.
- **Ábyrgðaraðilar:** Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, bærarstjóri og bæjarráð.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Skipulagsvinna í sveitarfélaginu sé gerð með langtímahagsmunum að leiðarljósi og horft sé heildrænt á landnýtingu og auðlindir.
- Marka þarf stefnu og skýra hlutverk í skipulagsmálum með sjálfbærni að leiðarljósi. Við skipulagningu hverfa sé þess gætt að skipulag sé í takt við umhverfisstefnu bæjarins með áherslu á þéttingu byggðar.
- Leggja áherslu á heildstæða þjónustu fyrir íbúa í nærumhverfi.

9. Samgöngur

Samgöngur í Hafnarfirði eiga að vera aðgengilegar, öruggar og umhverfisvænar með þarfir allra íbúa að leiðarljósi.

- **Tími:** Skipulag og áætlun samgangna í Hafnarfirði er stöðugt í gangi og eftirfarandi verkefni verði í starfsáætlunum stofnana Hafnarfjarðarbæjar og öðrum áætlunum sviðsins.
- **Ábyrgðaraðilar:** Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, bærarstjóri og bæjarráð.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Gera átak í að efla notkun bæjarbúa á almenningssamgöngum. Gera Hafnarfjörð leiðandi bæjarfélag í almenningssamgöngum.
- Gera göngu- og hjólastígakerfi um Hafnarfjörð og tengja við aðra bæjarhluta.
- Við hönnun umferðarmannvirkja sé þess gætt að öryggi vegfarenda sé í fyrirrúmi.
- Leggja áherslu á að samgöngutæki sem vinna á vegum bæjarins séu knúin áfram af umhverfissvænum orkugjöfum.

10. Útivistarsvæði

Útivistarsvæði bæjarins, jafnt innan bæjarmarka sem í upplandinu, skulu vera aðgengileg og aðlaðandi til útivistar og samveru fyrir fjölskylduna. Lögð verði áhersla á fjölbreytileika í þessu sambandi og not mismunandi aldurshópa.

- **Tími:** Skipulag og vinna við útivistarsvæði í Hafnarfirði er stöðugt í gangi og eftirfarandi verkefni (sjá hugmyndir að verkefnum) verði í starfsáætlunum viðkomandi stofnana Hafnarfjarðarbæjar og í öðrum áætlunum sviðsins.
- **Ábyrgðaraðilar:** Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, bæjarráð, bæjarstjóri og garðyrkjustjóri.

Hugmyndir að verkefnum og leiðum:

- Gera úttekt á ástandi og möguleikum á afþreyingu á svæðunum. Vinna skipulag og framkvæmdaráætlun í takt við niðurstöðu úttektar. Kortleggja og merkja gönguleiðir, örnefni og fornminjar.
- Kynna möguleika útivistarsvæða, með markvissum hætti allt árið um kring, fyrir bæjarbúum s.s. með því að styðja og styrkja ratleik Hafnarfjarðar sem hefur markað sér sess á stór- höfuðborgarsvæðinu.

Lokaorð

Fjölskylduráð er ábyrgðaraðili fjölskyldustefnu Hafnarfjarðarbæjar og tekur hana til endurskoðunar á tveggja ára fresti.

Þessi útgáfa fjölskyldustefnunnar er endurskoðun upprunalegu útgáfunnar frá árinu 2008. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lítur svo á að fjölskyldustefna Hafnarfjarðarbæjar falli undir aðalskipulag Hafnarfjarðar og sé í raun samnefni fyrir aðrar stefnur bæjarins:

Aðalskipulag Hafnarfjarðar
Staðardagskrá 21
Forvarnastefnu Hafnarfjarðarbæjar
Mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar
Menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar
Skólastefnu Hafnarfjarðarbæjar
Jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar
Upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar
Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarbæjar
Allt hefur áhrif, einkum við sjálf
Innkaupastefnu